



Fundargerð

3. fundur stjórnar Ríkarðshúss kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í stjórn Ríkarðshúss miðvikudaginn 6. febrúar kl. 13:30 í Geysi. Fundinn sátu Gauti Jóhannesson, Már Guðlaugsson og Elísabet Guðmundsdóttir. Þór Vigfússon var í síma. Gauti stjórnaði fundi og ritaði fundargerð. Björn Másson var í símasambandi fyrir fund þar sem farið var yfir málefni fundarins og gögn. Greta Mjöll Samúelsdóttir sat einnig fundinn.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Fjárhagslegt yfirlit
2. Uppsetning sumarsýningar í Löngubúð
3. Skráning muna
4. Ríkarðshús í Mörk 12 og 14
5. Önnur mál

1. Fjárhagslegt yfirlit

Lögð var fram greinargerð frá Jóhannesi Albert Sævarssyni um fjárhagsstöðu í kjölfar sölu á bifreið og húseign í Hveragerði.

2. Uppsetning sumarsýningar í Löngubúð

Farið yfir hugmyndir að uppsetningu á sýningu í Löngubúð sumarið 2019.

Gert er ráð fyrir að Már Guðlaugsson sjái um uppsetningu sýningarinnar sem gert er ráð fyrir að opni í byrjun júní.

3. Skráning muna

Greta Mjöll Samúelsdóttir fór yfir stöðu skráningar muna sem tilheyra Ríkarðshúsi.

Stjórnin er sammála um að nú þegar þurfi að hefja endanlega skráningu með það í huga að skrá yfir muni í eigu Ríkarðshúss verði aðgengileg á tölvutæku formi sem uppfylli þau skilyrði sem gerð eru til skráningar sem fyrst. Stjórnin beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að ráðinn verði starfsmaður til verksins.

4. Ríkarðshús í Mörk 12 og 14

Hluti stjórnar hefur farið vettvangsferð í Mörk 12 og 14 til að kanna aðstæður. Stjórnin leggst ekki gegn því að Ríkarðshúsi verði ætlaður staður þar en leggur áherslu á að hún sé höfð til samráðs í öllu því er viðvíkur hönnun, endurbótum og byggingu.

5. Önnur mál

a) Már ræddi vef sem gerður hefur verið fyrir safnið af Premis. Gertu falið að fylgja málinu eftir við Premis með það fyrir augum að vefurinn komist í loftið fljótlega í samráði við Má og stjórnina.

b) Gauti gerði grein fyrir stöðu mála varðandi fyrirhugaða geymslu í kjallara Faktorshússins. Gert er ráð fyrir að endanlegar teikningar berist byggingarfulltrúa fljótlega til yfirferðar og staðfestingar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:25.

Gauti Jóhannesson, fundarritari

Þórunn Magnúsdóttir